

47. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 31. maí 2017, kl. 15:30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

Mættir: Helgi Jóhannsson formaður, Edwards Huijbens, Jónína Magnúsdóttir, Þórarinn Hannesson fulltrúi kennara, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari. Preben J. Pétursson og Hildur Ösp Gylfadóttir boðuðu forföll og ekki náðist í varamenn.

Dagskrá

1. Niðurstöður vetrarins

Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður vorannar. Skólinn skilaði samtals 157 nemendígildum, þar af 8 á starfsbraut. Er þetta tveimur nemendagildum minna en á haustönn (2 færri á starfsbraut). Meðaleinkunn í áföngum var 6,2 sem er heldur minna en önnina á undan (6,5). Meðalbrottfall var 5%. Brottfall meðal fjarnema lækkaði úr 10% á haustönn í 6% meðan brottfall meðal staðnema var sáralítið eða 1% á báðum önnum. Nýtingarhlutfall í hópum hefur hækkað úr 78 í 80%.

Á vorönn voru um 340 nemendur við nám í skólanum, þar af um 240 í fjarnámi. Þann 20. maí útskrifuðust 17 nemendur, þar af 7 fjarnemar. Alls hafa 160 nemendur þá verið brautskráðir frá upphafi.

2. Ráðningar, starfsmannamál

Skólameistari gerði grein fyrir starfsmannamálum og mannráðningum. Vera Sólveig Ólafsdóttir raungreinakennari hefur sagt upp störfum. Unnur Hafstað Ármannsdóttir hefur verið ráðin í stað hennar. Einnig var auglýst eftir náms- og starfsráðgjafa. Þrjár umsóknir bárust og var Sigríður Ásta Hauksdóttir ráðin í starfið. Þá hefur verið auglýst eftir þroska- eða iðjubjálfa og hafa fjórar umsóknir borist um starfið en ekki hefur verið gengið frá ráðningu.

3. Nýtt húsnæði

Skólanefnd fór og skoðaði viðbyggingu sem áætlað er að tekin verði í notkun á komandi hausti.

4. Önnur mál

4.1 Bókun skólanefndar

Fráfarandi skólanefnd MTR vill þakka öllu starfsfólki skólans fyrir ánægjulegt samstarf. Sérstaklega viljum við þakka stjórnendum skólans fyrir frábær störf við að skapa skólanum verðugan sess en hann er nú orðinn öflugur skóli með skýra sérstöðu. Þrátt fyrir andstöðu margra þegar skólinn var settur á fót árið 2009, í miðju hruni, þá hefur hann komið eins og stormsveipur inn í framhaldsskólaflórana og á stuttum tíma unnið sér tiltrú og virðingu, ekki síst fyrir nýstárlegar kennsluaðferðir. Skólinn var á dögnum valinn í þriðja sinn í röð sem stofnun ársins og var þar með hæstu einkunn í sínum flokki. Óskum við starfsfólki og nemendum skólans innilega til hamingju með þann árangur.

Skólanefnd barðist einhuga gegn fyrirhugaðri sameiningu eða yfirtöku sem reynd var fyrir skömmu síðan. Við hvetjum þá sem á eftir koma í skólanefndina að passa vel uppá skólann svo hann haldi sinni sérstöðu. Skólinn hefur styrkt samfélagið á utanverðum Tröllaskaga svo eftir því hefur verið tekið og er dæmi um afar vel heppnaða byggðaaðgerð þar sem horft er til mannlífs, menntunar og tækifæra í víðum skilningi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:45.